




KVIKA

Lýsing

Mars 2017



Verðbréfalýsing víxla



Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR.....	3
1.1. Almenn áhætta víxla.....	3
1.2. Lagaumhverfi.....	4
1.3. Áhætta tengd víxlunum.....	4
1.3.1. Markaðsáhætta.....	4
1.3.2. Seljanleikaáhætta.....	4
1.3.3. Lausafjáraáhætta.....	5
2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA.....	5
2.1. Útgefandinn	5
2.2. Upplýsingar um víxlana	5
2.3. Heimild til víxlaútgáfu.....	7
2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við	7
2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana	8
3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....	8
3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar	8
3.2. Hugsanlegir hagsmunaaárekstrar.....	8
3.3. Skjöl til sýnis	9
4. ÚTGÁFULÝSING.....	9

Verðbréfalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 24. mars 2017 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu sem gefin var út af útgefanda og staðfest af Fjármálaeftirlitinu þann 24. mars 2017. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn fjármögnun, sérbankaþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Verðbréfalýsing þessi er gefin út vegna umsóknar um töku víxla útgefanda, KVB 17 0921, til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

Verðbréfalýsing þessi veitir upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast víxlunum og uppfyllir hún kröfur XIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100.000 evrur.

Upplýsingar sem fram koma í verðbréfalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsingu og birta á sama hátt og lýsingin á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar/>.

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „víxlarnir“ og „víxlaútgáfan“ til víxlaflokksins KVB 17 0921 sem er sá flokkur sem sótt er um að tekinn verði til viðskipta í Kauphöllinni.

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþáttum þeim sem lýst er hér á eftir eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að hans mati eiga sérstaklega við um víxla útgefna af honum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar samkvæmt víxlunum vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

1.1. Almenn áhætta víxla

Fjárfesting í víxlum felur alltaf í sér áhættu. Verðmæti víxlanna kann að minnka jafnt sem aukast. Fjárfestar geta tapað verðmæti hluta eða allrar fjárfestingar sinnar í víxlum. Margvísleg atriði geta valdið breytingum á verðmæti víxlanna m.a. almennt efnahagsástand, vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglugerðum og aðrir atburðir.

1.2. Lagaumhverfi

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og Víxillög, nr. 93/1933.

Þá gilda um útgáfuna reglugerð nr. 837/2013, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga og aðrar reglugerðir og löggjöf sem varða útgáfu og víðskipti með verðbréf.

Þá gilda reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga gilda um útgáfuna og útgefanda frá því að útgefandi hefur óskað eftir töku víxlanna til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf. Breytingar á löggjöf sem tengist útgáfunni kunna að hafa áhrif á verðmæti víxlanna.

Eðli máls samkvæmt getur útgefandi ekki séð fyrir breytingar á löggjöf og getur því hvorki tekið ábyrgð á mögulegum áhrifum á verð né öðrum afleiðingum sem slíkar breytingar kunna að hafa á víxlana. Á þetta við um allar breytingar á lögum og reglum settum af löggjafanum og stjórnvöldum sem og breytingar sem kunna að stafa af niðurstöðum dómstóla eða stjórnvalda.

Einnig ber að hafa í huga að breytingar á löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði kann að hafa áhrif á útgefanda og víxlana vegna aðildar Íslands að EES-samningnum.

1.3. Áhætta tengd víxlunum

1.3.1. Markaðsáhætta

Verðmæti víxla kann að taka breytingum vegna aðstæðna á markaði. Þannig getur virði víxlanna lækkað ef almenn ávöxtunarkrafa á markaði hækkar og virði hækkað ef ávöxtunarkrafa lækkar.

1.3.2. Seljanleikaáhætta

Víxlarnir hafa ekki áður verið teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þó svo að víxlarnir verði teknir til víðskipta í kauphöll getur útgefandi ekki ábyrgst að víðskipti með þá verði virk. Enginn skylda hvílir á útgefanda að viðhalda virkum markaði með víxlana og ekki er fyrirhugað að víðskiptavakt verði með þá. Því kann að myndast seljanleikaáhætta, þ.e. áhættan af því að ekki sé hægt að selja víxlana þegar vilji er fyrir því. Áhættan birtist með þeim hætti að markaðurinn getur ekki tekið við því magni sem til stendur að selja eða að verðmyndun sé með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi víxlanna.

1.3.3. Lausafjárahætta

Útgefandi kann að lenda í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi stýrir lausafjárahættu sinni til þess meðal annars að tryggja að hann eigi ávalt nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

2.1. Útgefandinn

Lögheiti útgefandans er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930 og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármála fyrirtæki nr. 161/2002.

Lögformlegt heiti	Kvika banki hf.
Viðskiptaheiti	Kvika
Félagaform	Hlutafélag
Kennitala	540502-2930
Höfuðstöðvar og heimilisfang	Borgartún 25, 105 Reykjavík
Vefsíða	www.kvika.is
Símanúmer	540 3200
Auðkenni hjá Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.	KVB 17 0921

2.2. Upplýsingar um víxlana

Víxlarnir voru gefnir út 20. mars 2017 þegar kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar, voru gefnir út. Heildarútgáfuheimild í flokknum er kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar og hefur hún því verið fullnýtt.

Ástæðan fyrir útgáfu víxlanna er að auka fjölbreytileika í fjármögnun bankans. Víxlarnir eru seldir á flötum vöxtum 5,45%. Söluvirði útgáfunnar er 1.946.372.044 krónur og er nettósöluandvirði eftir kostnað áætlað 1.945.269.044 króna. Kostnaður er áætlaður 1.230.000 króna og er þar um að ræða vinnu við verðbréfa- og útgefandalýsingu og kostnað til Fjármálaeftirlitsins, Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamíðstöðvar hf.

Markmiðið með því að fá víxlana tekna til viðskipta í kauphöll er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi þeirra auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf útgefanda séu í samræmi við reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga í kauphöll.

Auðkenni	KVB 17 0921
ISIN númer	IS0000028512
Tegund bréfs	Víxlar, vaxtalausir með forvaxtafyrirkomulagi
CFI númer	D-Y-Z-U-X-R
Skráð rafrænt	Víxlamir eru gefnir út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfa-miðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að.
Tegund afborgana	Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga.
Útgáfuland	Ísland
Gjaldmiðill	ISK – íslenskar krónur
Nafnverðseiningar	20.000.000,-
Heildarheimild	2.000.000.000,-
Pegar útgefið	2.000.000.000,-
Útgáfudagur	20. mars 2017
Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina	1
Gjalddagi höfuðstóls	21. september 2017
Greiðslur vaxta og vaxtaþrósenta	Víxlamir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi.
Reikniregla vaxta	Einfaldir
Dagaregla	Actual/360, ISMA aðferð
Vísitölutrygging	Nei
Innkallanlegt	Nei.
Innleysanlegt	Nei
Fyrning	Kröfur samkvæmt víxlunum fymnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfur um vexti og verðbætur fymnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.
Breytanlegt	Nei
Greiðslustaður	Útgefandi mun, fyrir milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., greiða nafnvirði víxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlana hafa VS-

reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa).

Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?

Nei.

Viðskiptavakt

Ekki verður viðskiptavakt með víxlana.

Framsal

Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.

Vanskil

Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þeir eru ekki greiddir upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynningu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkynningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.

Breytingar á skilmálum

Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxlflokksins.

Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.

Skattur

Útgáfan er rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.

Gjöld

Útgefandi greiðir allan kostnað við útgáfuna þ.m.t. gjöld til Nasdaq Iceland hf.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála

2.3. Heimild til víxlaútgáfu

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt heimild fjármálanefndar útgefanda þann 7. mars 2017.

2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, og eftir atvikum önnur tengd löggjöf og reglur, t.d. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Þá kunna lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, að koma til skoðunar í viðeigandi tilvikum.

Þá gilda um starfsemi útgefanda lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um hlutafélög, nr. 2/1995. Um dótturfélög útgefanda, Júpíter rekstarfélag hf. og Akta sjóði hf., gilda einnig lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011.

2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana

Þegar lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun stjórn útgefanda óska eftir því að víxlarnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfarið mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef víxlarnir verða teknir til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á hinum skipulega verðbréfa markaði.

Útgefandi er þegar útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, Nasdaq Iceland hf., og lýtur hann því nú þegar upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfavíðskipti og reglum Nasdaq Iceland hf. Núgildandi reglur kveða meðal annars á um að útgefandi víxla skuli kappkosta að birta opinberlega og án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann veit eða má vita að kunni að hafa marktæk áhrif á verð víxlanna.

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, fyrir hönd útgefanda, lýsa hér með yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 24. mars 2017

F.h. stjórnar Kviku

F.h. Kviku

Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri

3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Útgefandi hefur sjálfur umsjón með töku víxlanna til viðskipta og sá um gerð lýsingar og því kom enginn þriðji aðili að gerð þessarar lýsingar sem kynni að hafa annarra hagsmuna að gæta en útgefandi. Hins vegar geta falist hagsmunaárekstrar í slíkri aðstöðu en í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna í kafla 3.1 hér að ofan þá eru upplýsingar í þessari lýsingu í

samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Stjórn útgefanda er ekki kunnugt um og telur enga hagsmunaárekstra til staðar á milli skyldustarfa stjórnarmanna og aðila í framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

3.3. Skjöl til sýnis

Útgáfulýsing víxlanna er hluti af þessari verðbréfalýsingu og er hún sett fram í 4. kafla hér að neðan.

4. ÚTGÁFULÝSING

Hér að neðan má sjá útgáfulýsingu víxlanna, dags. 7. mars 2017.



KVÍKA

Útgefandalýsing



Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR.....	4
1.1. Lausafjárahætta	4
1.2. Útlánaáhætta.....	5
1.3. Rekstraráhætta.....	6
1.3.1. Lagaáhætta.....	6
1.3.2. Regluvörsluáhætta	6
1.4. Markaðsáhætta	7
1.5. Vaxtaáhætta.....	8
1.6. Skuldabréfaáhætta.....	8
1.7. Hlutabréfaáhætta.....	8
1.8. Gjaldeyrisáhætta	9
1.9. Verðtryggingaráhætta.....	9
1.10. Önnur áhætta	9
1.10.1. Viðskipta- og stefnumótunaráhætta	9
1.10.2. Pólitísk- og reglugerðaráhætta	10
1.10.3. Orðsporsáhætta.....	10
1.10.4. Áhætta vegna samninga.....	10
2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....	11
2.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar.....	11
2.2. Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda	11
3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA.....	12
3.1. Almennar upplýsingar	12
3.2. Saga útgefanda	13
3.2.1. Saga MP banka.....	13
3.2.2. Saga Straums.....	14
3.2.3. Samkomulag um samruna.....	14
4. STARFSEMI.....	14
4.1. Almennt	14
4.2. Skipulag.....	15
4.3. Eignastýring	16
4.4. Markaðsviðskipti	16
4.5. Fyrirtækjasvið	16
4.6. Fyrirtækjaráðgjöf	17
4.7. Fjármála- og rekstrarsvið.....	17

4.5.1. Eigin viðskipti	17
4.5.2. Fjárstýring	17
4.5.3. Bakvinnsla	17
4.5.4. Upplýsingatæknisvið	17
4.6. Viðskiptatengsl	17
5. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG NEFNDIR	18
5.1. Stjórn	18
5.2. Framkvæmdastjórn	19
5.3. Nefndir	20
5.3.1. Fjármálanefnd	21
5.3.2. Lánanefnd	21
6. HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR.....	22
6.1. Hlutafé	22
6.2. Hluthafar	22
7. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR.....	23
7.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	23
7.2. Löggiltir endurskoðendur	23
7.3. Nýjustu fjárhagsupplýsingar	23
7.4. Skýringar í samstæðuársreikningi.....	24
7.5. Rekstrarreikningur samstæðunnar	24
7.6. Efnahagsreikningur útgefanda.....	25
8. SKJÖL TIL SÝNIS	26
8.1 Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun	26

Útgefandalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 24. mars 2017 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, dags. 24. mars 2017. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn fjármögnun, sérbankaþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Útgefandalýsing þessi er gefin út í tengslum við umsókn um töku víxla útgefanda, KVB 17 0921 til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, og veitir hún upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast útgefanda.

Upplýsingar sem fram koma í útgefandalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna]frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við

lýsingu og birta á sama hátt og lýsingin á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar>.

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþáttum þeim sem lýst er hér á eftir eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati hans eiga sérstaklega við um hann og hans atvinnugrein og geta haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart þeim sem hafa fjárfest í fjármálagerningum útgefnum af honum.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir eigi sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

1.1. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta vísar til hættu á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga með eðlilegum hætti, ýmist alls ekki eða ekki án verulegs taps vegna skorts á seljanleika eigna. Útgefandi viðheldur ávallt lausafjárstöðu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárahlutfall nr. 1031/2014.

Til að takmarka þessa áhættu hefur útgefandi sett sér áhættustefnu um lausafjárstýringu. Stýring lausafjárahættu útgefanda er í samræmi við bæði ytri kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið sem sett eru af stjórn í áhættustefnu. Framkvæmd lausafjárstýringar skal samkvæmt áhættustefnu vera í samræmi við reglur og tilmæli eftirlitsstofnana, þ.m.t. leiðbeinandi tilmæli FME nr. 2/2010. Fjármálanefnd (sjá nánari umfjöllun um fjármálanefnd í kafla 5.3.1) er heimilt að setja frekari viðmið innan ramma áhættustefnu og skal tryggja að fjárstýring hafi umboð og getu til daglegrar stýringar fjármögnunar- og lausafjárahættu. Fjárstýring skal:

- Tryggja varfærni í daglegri stýringu lausafjár útgefanda.
- Úthluta og beina fjármunum á þann hátt sem stuðlar að traustu lausafjáromhverfi.
- Viðhalda fjölbreytni í fjármögnun að því er varðar mismunandi binditíma og uppruna.
- Tryggja að mörk lausafjárahættu séu virt.

Innan fjárstýringar liggur fyrir viðbúnaðaráætlun sem virkjuð skal komi upp aðstæður sem ógna, eða eru líklegar til að ógna lausafjárstöðu útgefanda. Viðbúnaðaráætlunin hefur verið samþykkt af stjórn útgefanda og útlistar hún ábyrgðaraðila framkvæmdar áætlunarinnar, ásamt því að skilgreina ramma upplýsingaskyldu til fjármálanefndar, stjórnar útgefanda og eftirlitsaðila. Eigin viðmið um hvenær skuli virkja viðbúnaðaráætlun lausafjárstýringar eru nákvæmari og strangari en kveðið er á um í reglum nr. 1031 útgefnum af Seðlabanka Íslands um lausafjárahlutfall o.fl.

Áhættustýring fer með eftirlitshlutverk og ber ábyrgð á skýrslugjöf, bæði innanhúss og til eftirlitsaðila. Dagleg framkvæmd lausafjárstýringar er frekar skilgreind í verklagsreglum um

stýringu lausafjárahættu, en samkvæmt þeim skal vikulega haldinn stöðufundur fulltrúa áhættu- og fjárstýringar þar sem farið er yfir þróun lausafjástöðu. Þar er einnig skilgreind tíðni og umfang upplýsingagjafar. Til dæmis ber áhættustýringu að reikna og birta lausafjár- og fjármögnunarhlutföll eftir þörfum, og eigi sjaldnar en vikulega. Sömuleiðis skal mánaðarlega leggja fyrir fjármálanefnd ítarlegri lausafjárskýrslu þar sem skoðaðir eru bæði innri og ytri mælikvarðar áhættu. Loks ber áhættustýringu að upplýsa stjórn útgefanda um lausafjárahættu eftir þörfum og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda ber stjórn endanlega ábyrgð á stýringu hennar.

1.2. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta felur í sér hættuna á því að útgefandi verði fyrir tapi vegna vanefnda á skuld mótaðila við útgefanda. Helsta áhætta útgefanda er útlánaáhætta. Til útlánaáhættu teljast öll útlán til viðskiptavina, ábyrgðir, lánsloforð, afleiðuviðskipti, framvirkir samningar og útlánaígildi skiptasamninga. Því til viðbótar falla margar eignir útgefanda undir útlánaáhættu, til að mynda innlán bankans á erlendum bankabókum, eign í dóttur- og hlutdeildarfélagum, fastafjármunir, seðlar og mynt, viðskiptakröfur og óskráð verðbréf. Stærsti hluti útlánaáhættunnar felst þó í lánum til einstaklinga og fyrirtækja.

Þann 31.12. 2016 nam útlánasafn útgefanda 26.322 m.kr. Útlánasafnið skiptist þannig að 38% útlána voru vegna þjónustustarfsemi, 8% útlána voru til einstaklinga, 30% til eignarhaldsfélaga, 8% vegna verslunar, 11% vegna fasteigna- og byggingarstarfsemi, og 5% til annarra. Heildarvanskil yfir 90 dögum námu 1,3% af bókfærðu virði útlánasafns í lok desember 2016, sbr. skýringu 43 í ársreikningi útgefanda m.v. 31. desember 2016, og var krossvanskilahlutfall 1,5% af bókfærðu heildarvirði lánasafns, en krossvanskilahlutfall er skilgreint af áhættustýringu bankans sem vanskilahlutfall að viðbættum öllum öðrum skuldbindingum viðskiptamanna sem eru með eitt eða fleiri útlán í vanskilum, óháð stöðu einstakra útlána. Veginn binditími bókfærðs lánasafnsins var 1,6 ár og 59% bókfærðs lánasafns á gjalddaga innan eins árs. Veginn binditími lánasafns gefur vegið meðaltal tímalengdar til gjalddaga á lánasafni bankans, vegið m.t.t. upphæðar útlána. Nánari greining á greiðslufæði útlána er sýnd í skýringu 49 í ársuppgjöri útgefanda m.v. 31.12.2016.

Lánastefnu útgefanda er ætlað að koma á skipulagi og tryggja yfirsýn yfir útlánastarfsemi hans. Stefnan er leiðbeinandi fyrir lánanefnd sem og aðrar útlánaeiningar útgefanda, og er nefndinni heimilt að víkja frá ákvæðum stefnunnar sé talin ástæða til. Hvers konar frávik frá lánstefnunni skulu samþykkt af lánanefnd og skal rökstuðningur fyrir frávikinu bókaður í fundargerð lánanefndar. Framkvæmdastjórnar, forstöðumenn og aðrir starfsmenn með útlánaheimild, hafa heimild til að samþykkja fyrirgreiðslu innan sinna lánaheimilda og innan marka lánastefnunnar. Fari lánveiting út fyrir lánastefnu útgefanda skal lánsbeiðnin lögð fyrir lánanefnd óháð lánsfjárhæð. Ekki er krafa um sérstök hlutföll milli ákveðinna tegunda útlána í lánastefnunni. Lánastefnan setur þó ákveðin viðmið um tilgang, tryggingahlutfall og gæði trygginga, form samninga, lánstíma og greiðslur í tilviki mismunandi lána.

Útgefandi hefur byggt upp traust útlánasafn þar sem áhersla er lögð á gæði lánasafnsins frekar en stærð þess. Áhersla er lögð á traust og skilvirkt heildarferli lánveitinga sem stuðlar að fullnægjandi gæðum lánasafnsins með tilliti til áhættuflokkunar viðskiptavina og gæðaflokkunar trygginga. Markmið útgefanda er að viðhalda styrkum innviðum útgefanda og viðhalda góðu útlánasafni þar sem áhersla er lögð á gæði og sveigjanleika, þ.e. útlán eru

almennt stutt og seljanleg. Kapp er lagt á þjónustu við viðskiptavini útgefanda með áherslu á að veita fyrsta flokks sérhæfða bankþjónustu við fyrirtæki og eigendur þeirra.

1.3. Rekstraráhætta

Með rekstraráhættu í tilviki útgefanda er átt við áhættu á tapi vegna ófullnægjandi eða gallaðra innri ferla og/eða kerfa, misbresti á að ferlum sé fylgt af starfsmönnum, mannleg mistök og ytri atburði. Regluvörsluáhætta og lagaleg áhætta falla einnig undir skilgreiningu útgefanda á rekstraráhættu.

Útgefandi hefur sett sér það markmið að hver starfseining framkvæmi áhættusjálfsmat til að meta innbyrðis rekstraráhættu í starfsemi sinni. Aðkoma starfseininga að þessu áhættumati felst m.a. í skilgreiningu mikilvægra úrbótaverkefna sem sett eru á aðgerðaáætlun og eru til þess fallin að bæta rekstur, styrkja innviði og draga þannig úr rekstraráhættu.

Stjórnendur útgefanda bera ábyrgð á að framfylgja áhættustýringarstefnu útgefanda vegna rekstraráhættu. Áhættuvilji stjórnar kemur fram í áhættustefnu útgefanda en áhættustýring ber ábyrgð á að meta, mæla og upplýsa stjórnendur um rekstraráhættu. Það felur meðal annars í sér að tryggja eftirlit með því að fullnægjandi reglur og ferlar séu til staðar, þeir séu endurskoðaðir reglulega og að þeim sé fylgt. Rekstraráhætta tekur til allrar starfsemi útgefanda og stjórnendur leggja áherslu á að starfsmenn bankans séu meðvitaðir um þá helstu rekstraráhættuþætti sem útgefandi stendur frammi fyrir, ábyrgð hvers starfsmanns og hlutverk hans í að forðast rekstraráhættu.

Gæða- og öryggisnefnd leggur reglulega fyrir framkvæmdastjórn tillögur að umbóta- og/eða úrbótaverkefnum til að minnka rekstraráhættu útgefanda. Áhættustýring, í samvinnu við gæða- og öryggisnefnd, sér um söfnun, flokkun og skjölun rekstrarfrávika ásamt mati á alvarleika og mögulegu fjárhagslegu tapi. Útgefandi leggur áherslu á að lykilverlar vegna rekstraráhættu séu skráðir og endurskoðaðir reglulega.

Í viðbúnaðaráætlun útgefanda kemur fram hvernig hann getur haldið áfram starfsemi og lágmarkað tjón við alvarlega truflun á rekstri, s.s. vegna neyðarástands, kerfisvanda, húsnæðisvanda og manneklu. Upplýsingatæknisvið framkvæmir reglulega prófanir á öryggi og aðgangsstýringum kerfa, réttmæti gagna, nýjum kerfum og öryggisafritun.

1.3.1. Lagaáhætta

Við mat á lagalegri áhættu tekur útgefandi mið af hættu vegna ágreinings um samninga sem útgefandi er aðili að, þar með talið áhættu yfirstandandi og hugsanlegra dómsmála en einnig vegna stjórnarsýslumála og/eða einkaréttarlegra krafna. Þá hefur útgefandi enn fremur lagt mat á hættuna á mögulegum sektargreiðslum eða öðrum refsikenndum ákvörðunum eftirlitsaðila. Við mat á lagalegri áhættu hefur útgefandi enn fremur leitast við að fylgjast náið með eftirfylgni innan útgefanda við gildandi lög og reglur og einnig er fylgst með niðurstöðum dómstóla sem kunna að hafa fordæmisgildi fyrir starfsemi útgefanda sem og lagabreytingum.

1.3.2. Regluvörsluáhætta

Sú stefna hefur verið sett innan Kvíku að innri reglur skuli endurskoðaðar einu sinni á ári, með það að markmiði að þær séu ávallt í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi

bankans. Í samræmi við þetta markmið hafa regluvörður og önnur svið bankans endurskoðað og uppfært regluverk bankans á síðastliðnu ári og borið það undir stjórn, eða eftir atvikum forstjóra, til samþykktar. Til viðbótar reglulegri uppfærslu er náið eftirlit haft með breytingum á laga- og reglugerðarumhverfi bankans og reglur uppfærðar í takt við breytingar sem á því verða, jafnskjótt og þeirra er þörf.

Regluvörður bankans ber ábyrgð á eftirliti með verðbréfavíðskiptum. Eftirlit regluvarðar með verðbréfavíðskiptum felst m.a. í því að kanna reglulega hvort rétt hafi verið staðið að flokkun víðskiptavina bankans við upphaf víðskiptasambands og eins þegar víðskiptavinir óska þess að vera færðir á milli flokka eftir að víðskiptasamband er komið á. Að auki er haft eftirlit með því hvort einstök víðskipti séu í samræmi við hæfi víðskiptamanns á hverjum tíma, flokkun bankans og víðskiptafyrirmæli. Eins hefur regluvörður eftirlit með breytingum á verðbréfaeign bankans með tilliti til flaggana.

Regluvörður er einnig ábyrgðarmaður bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Störf hans felast í því að byggja upp regluverk og verkferla innan bankans til að lágmarka hættu á að bankinn verði notaður til framangreindrar starfsemi. Eftirlit regluvarðar með því hvort bankinn sé notaður til slíkrar starfsemi er tvíþætt. Það felst annars vegar í því að framkvæma áreiðanleikakannanir á nýjum víðskiptavinum bankans og hins vegar í því að hafa eftirlit með víðskiptamönnum bankans, millifærslum þeirra, peningaúttektum o.fl. með það að markmiði að koma upp um slíka starfsemi, sé hún til staðar.

Regluvörður hefur yfirumsjón og eftirlit með því að útgefandi uppfylli skyldur sínar skv. XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, en í þeim kafla er fjallað um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja. Þannig hefur regluvörður m.a. umsjón og eftirlit með því að bankinn sinni skyldum sínum skv. 122. gr. sömu laga, sem lúta að upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmætri miðlun innherjaupplýsinga. Að auki hefur regluvörður umsjón og eftirlit með því að útgefandi sinni skyldum sínum skv. öðrum greinum sama kafla, m.a. varðandi birtingu upplýsinga um víðskipti stjórnenda, gerð innherjaskráa og einnig hafa eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og víðskiptum innherja skv. 130. gr. laganna.

1.4. Markaðsáhætta

Útgefandi stendur frammi fyrir markaðsáhættu þar sem sveiflur í markaðsbreytum svo sem verði hlutabréfa, ávöxtunarkröfum skuldabréfa og gengi gjaldmiðla geta haft óhagstæð áhrif á fjármálagerninga og þar með fjárhagslega stöðu hans. Svið og deildir útgefanda sem í gegnum starfsemi sína mynda markaðsáhættu eru: fyrirtækjasvið, fjárstýring, eigin víðskipti og markaðsvíðskipti. Áhætta myndast bæði vegna starfsemi einstakra sviða og deilda og í gegnum sameiginlega áhættu, þ.e. áhættu fyrir útgefanda í heild. Flökt markaðsbreyta hefur bein áhrif á eignir á veltubókum útgefanda sem eru bókaðar daglega á markaðsvirði þannig að hagnaður og tap koma samstundis fram á rekstrarreikningi hans. Veltubækur útgefanda samanstanda af vaktbók sem heldur utan um víðskiptavakt með skuldabréf og hlutabréf og veltubók fyrir eigin víðskipti. Einnig er markaðsáhætta í fjárstýringarbók og fjárfestingabók. Fjárfestingarbók inniheldur verðbréfastöður sem teljast hluti af virkri fjárfestingu útgefanda, t.d. lausafjáreignir. Fjárfestingarverðbréf, sem ekki eru virk víðskipti með, eru almennt færð í fjárfestingabók og metin sem fjárfesting til gjalddaga eða á gangvirði. Markaðsáhætta vegna eigna á efnahagsbók útgefanda á uppruna sinn í misræmi í myntsamsetningu, vaxtamisvægi í

tíma og verðtryggingu eigna og skulda á efnahagsreikningi. Efnahagsbókin nær yfir útlán og innlán bankans, afleiðusamninga við viðskiptavinum og aðrar fjárhagslegar eignir.

Reglur um áhættustýringu og áhættuviðmið sem settar eru af stjórn útgefanda skilgreina áhættustefnu vegna markaðsáhættu. Forstjóri ber ábyrgð á markaðsáhættu útgefanda gagnvart stjórn. Fjármálanefnd fjallar um markaðsáhættu útgefanda samkvæmt skilgreindum reglum nefndarinnar og getur í samvinnu við áhættustýringu sett ítarlegri viðmið um stöðutöku og heimildir. Upplýsingagjöf til stjórnenda vegna markaðsáhættu fer fram með skýrslugjöf til fjármálanefndar og stjórnar frá áhættustýringu. Brot á heimildum eru tilkynnt samstundis til fjármálanefndar og forstjóra og ákvörðun tekin um viðeigandi aðgerðir í samræmi við alvarleika brotsins.

Þann 31.12.2016 nam nettóstaða bankans í verðbréfum sem mynda markaðsáhættu 6.585 m.kr. Áhættustýring mælir beina áhættu af vaktbókum daglega en það er gert út frá mælikvarðanum fé í húfi (e. Value at Risk, VaR). Fé í húfi er mælikvarði á fjárhagslega áhættu í fjárfestingarsafni innan ákveðins tímaramma. Tölfræðilegum aðferðum er beitt til að meta áhættuna miðað við fyrirfram gefin skilyrði og tapersáhættu. 99% Value at risk gefur þannig til kynna upphæð sem líkur eru á að fjárfestingasafnið geti lækkað um í 1% tilvika. Heimild er sett af áhættustýringu bæði fyrir áhættu vegna hlutabréfa og skuldabréfa í vaktbókum og er miðað við tapersáhættu reiknað sem 99% VaR til eins dags. Heimild til áhættu vegna stöðutöku í hlutabréfum er 30 m.kr. og 35 m.kr. vegna stöðutöku í skuldabréfum. Þann 31.12.2016 var 99% VaR í hlutabréfum 17,5 m.kr. og 99% VaR í skuldabréfum 7,8 m.kr.

1.5. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta vísar til þeirrar tapshættu sem stafar af almennum hreyfingum vaxtaferla. Áhrif vaxtabreytinga á afkomu útgefanda ræðst af eiginleikum eigna og skulda hans, einkum vaxtaendurskoðunarákvæðum. Þannig lækka vaxtahækkarnir t.d. virði útlána með ákvæðum um fasta vexti, en hækka virði sambærilegrar fjármögnunar. Vaxtaliðrunin hefur varanleg áhrif ef vextir eru fastir út samningstímamann, en einungis fram að næsta vaxtaendurskoðunardegi ef vextir eru breytilegir, enda má gera ráð fyrir að grunnvextir verði þá uppfærðir.

Fastvaxtaáhætta samstæðu bankans þann 31.12.2016, áætluð sem áhrif 100 (og 200) punkta samhliða hækkun vaxtaferils, í samræmi við reglur FME, var 21,4 m.kr. (42,7 m.kr.) eða sem samsvarar 0,29% (0,57%) af eiginfjárgrunni.

1.6. Skuldabréfaáhætta

Skuldabréfasafn útgefanda á veltubók samanstendur fyrst og fremst af bréfum með ríkisábyrgð, en einnig öðrum skráðum skuldabréfum í mun minna mæli. Þannig voru stöður í ríkisskuldabréfum að meðaltali 50% og að lágmarki 8% af safninu allt árið 2016. Við mat á vaxtaáhættu er byggt á niðurstöðum vágreiningar útgefanda, en álagsprófs ávöxtunarkröfu notað til samanburðar.

1.7. Hlutabréfaáhætta

Útgefandi hefur bæði gnótt- og skortstöður í skráðum hlutabréfum, ásamt því að eiga í viðskiptum með hlutabréfavalrétti. Þessar stöður eru umfangsminni að markaðsvirði og veltu

en viðskipti með skuldabréf og er heimild til áhættuskuldbindingar í sérhverri útgáfu veitt af áhættustýringu.

1.8. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta kemur til vegna gengisbreytinga gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni og er það í höndum fjárstýringar að tryggja stöðu bankans með kaupum, sölum og framvirkum gjaldmiðlaskiptasamningum. Eftirlit með gjaldeyrisáhættu bankans fer fram daglega og er meðal annars fylgst með misræmi í eignum og skuldum. Gjaldeyrisjöfnuður bankans er skorðaður af reglum Seðlabanka Íslands nr. 950/2010 og er það stefna bankans að vera ávallt innan þeirra heimilda sem samsvarar því að engin opin staða í einstökum erlendum gjaldmiðli sé meira en 15% af eiginfjárgrunni. Ennfremur skal heildargjaldeyrisjöfnuður bankans ávallt vera undir 15% af eiginfjárgrunni. Áhættustýring sér um daglegt eftirlit með gjaldeyrisjöfnuði í samstarfi við fjárstýringu og mánaðarlegar skýrslur eru sendar til fjármálanefndar og Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisjöfnuður útgefanda þann 31.12.2016, var jákvæður um 247,7 m.kr., sbr., skýringu nr. 55 í ársreikningi 31.12.2016 og gengishækkun íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefði því neikvæð áhrif á afkomu bankans. Þann 31.12.2016 hefði hækkun íslensku krónunnar um 1% gagnvart myntum í gjaldeyrisjöfnuði bankans orsakað tap að upphæð 2,5 m.kr. og 1% lækkun hefði leitt til samsvarandi hagnaðar.

1.9. Verðtryggingaráhætta

Útgefandi býr við verðtryggingaráhættu vegna ójafnvægis verðtryggðra eigna og skulda, sem þýðir að breytingar á verðbólguþingi hafa áhrif á afkomu. Verðtryggðar eignir og skuldbindingar útgefanda samanstanda af verðbréfastöðum og vaxtaskiptasamningum, ásamt því að viðskiptavinum bjóðast bundin verðtryggð innlán og útlán.

Verðtryggingarjöfnuður samstæðu bankans þann 31.12.2016 var jákvæður um 1.241,0 m.kr., sbr. skýringu nr. 54 í ársreikningi bankans. Aukin verðbólga hefur því jákvæð áhrif á afkomu útgefanda þar sem 1% hækkun á vísitölu neysluverðs myndi bæta afkomuna um 12,0 m.kr., og 1% lækkun á vísitölunni myndi leiða til samsvarandi lækkunar í afkomu.

1.10. Önnur áhætta

Aðrar áhættur sem útgefandi metur verulegar eru tíundaðar hér að neðan.

1.10.1. Viðskipta- og stefnumótunaráhætta

Viðskiptaáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna breytinga í efnahagsumhverfi útgefanda eða vegna tiltekinna atburða sem geta dregið úr væntum tekjum útgefanda. Stefnumótunaráhætta er skilgreind sem áhættan á að væntar tekjur útgefanda og eiginfjárstaða rýrni vegna breytinga í viðskiptaumhverfi útgefanda eða vegna óhagstæðra viðskiptaákvæðna, seinnar og óskynsamrar ákvarðanatöku eða skorts á viðbragðstíma vegna breytts umhverfis.

1.10.2. Pólítísk- og reglugerðaráhætta

Útgefandi hefur sett sér verklagsreglur um meðhöndlun laga- og stjórn málaáhættu þar sem slík áhætta er skilgreind með tilliti til ábyrgðar og hlutverka innan útgefanda sem og verklags við mat á viðbótareiginfjárförf vegna slíkrar áhættu. Við mat útgefanda á pólítískri- og reglugerðaráhættu er annars vegar lagt mat á áhættuna sem felst í því að lögum og reglum sé breytt þannig að breytingarnar hafi veruleg áhrif á rekstrarstærðir, samkeppnisstöðu o.fl. sem varðar útgefanda. Hins vegar er lagt mat á pólítíska áhættu, en hún lýtur að stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum, ríkisfjármálum, peningamálastjórnun og stefnu varðandi einstaka pólítískar ákvarðanir sem geta t.d. haft áhrif á einstaka atvinnugreinar, byggðarlög eða fyrirtæki. Enn fremur má nefna hættu á hryðjuverkum, uppþotum, borgarastyrjöldum o.s.frv. sem dæmi um pólítíska áhættu.

Útgefandi leggur mat á þessa áhættuþætti með reglubundnum hætti í samræmi við framangreindar reglur og greinir ítarlega þá þætti sem eru taldir mikilvægastir.

Fyrirhugað frekara afnám hafta á fjármagnshreyfingar skapar enn ákveðna óvissu í starfsemi fjármálafyrirtækja. Útgefandi hefur allt frá endurskipulagningu í apríl 2011 lagt áherslu á að búa ávallt yfir uppfærðum greiningum á stöðu þessa áhættuþáttar, líklegri þróun hans og leiðum til úrbóta.

1.10.3. Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sem rekja má til afleiðinga af neikvæðri ímynd fyrirtækis í huga hagsmunaaðila, eins og viðskiptavina, hluthafa, starfsmanna, fjárfesta og stjórnvalda. Afleiðingar af neikvæðri ímynd geta verið minna traust á markaði og því missir viðskiptavina og tækifæra og þar af leiðandi tekna.

Útgefandi hefur á þeim tíma sem hann hefur starfað náð að skapa jákvætt orðspor og ímynd sem hefur átt sinn þátt í að laða að nýja viðskiptavinum ásamt því að efla viðskiptasamband við kjarnaviðskiptavinum. Ef orðspor útgefanda verður á einhvern hátt fyrir skaða þá er hættu á að einhver fjöldi viðskiptavina muni hætta viðskiptum sínum og aðrir mótaðilar verði tregir til að eiga frekari viðskipti við útgefanda. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif og takmarkað möguleika útgefanda til fjármögnunar og til þess að stofna til nýrra viðskiptasambanda og viðhalda þeim sem fyrir eru.

Útgefandi leggur áherslu á að halda viðskiptavinum sínum vel upplýstum og veitir þeim reglulega upplýsingar um nýjungar í þjónustu, breytingar á núverandi þjónustu eða annað sem þeir gætu haft hag af að fá vitneskju um. Hjá útgefanda eru í gildi samskiptareglur um hvernig samskiptum og upplýsingaflæði til viðskiptavina, starfsmanna, almennings, opinberra aðila og hlutahafa skuli vera háttáð og hverjir hafi heimild til að ræða um málefni útgefanda á opinberum vettvangi.

1.10.4. Áhætta vegna samninga

Útgefandi hefur lagt mat á áhættu vegna núverandi og yfirvofandi ágreiningsmála vegna samninga sem útgefandi er aðili að en auk þess hefur verið lagt mat á það hvort hugsanlegt er að ágreiningur kunni að myndast vegna þeirra samninga. Það er mat útgefanda að engin

veruleg ágreiningsmál séu til staðar þannig að af þeim stafi áhætta sem gefi tilefni til sérstakrar eiginfjárbindingar.

Til að leitast við að lágmarka og koma í veg fyrir hættu á ágreiningsmálum vegna samninga sem útgefandi er aðili að hefur verið unnið í allsherjar uppbyggingu og endurskoðun innri reglna og ferla. Þá hefur útgefandi haldið áfram endurskoðun á regluverki og framkvæmd í kringum útlánaferli útgefanda, sem hefur verið endurbætt verulega á síðustu árum. Starfsreglur lánanefndar eru nú uppfærðar árlega eins og aðrar reglur útgefanda og starfsemi hennar eflað auk þess sem stöðug vinna fer fram við að bæta verklag og utanumhald í kringum lánveitingar útgefanda.

2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

2.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, fyrir hönd útgefanda, lýsa hér með yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Einnig lýsa formaður stjórnar og forstjóri því yfir að ekki hafa orðið neinar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, að útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga sem ekki tengjast hefðbundinni starfsemi hans sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem stendur til að gefa út og að útgefandi er ekki aðili að neinu stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmáli sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar.

Reykjavík, 24. mars 2017

F.h. stjórnar Kviku

F.h. Kviku

Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri

2.2. Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, endurskoðaði samstæðuársreikning Kviku banka hf. fyrir árið 2015.

Við áritun á samstæðuársreikning Kviku banka hf. fyrir árið 2015 var það álit KPMG að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31.12.2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Undirritaðir endurskoðendur staðfesta að upplýsingar í útgefandalýsingunni sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við tilvísaðan samstæðuársreikning.

Reykjavík, 24. mars 2017

KPMG ehf.

Sigurður Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir þeim fjárhagsupplýsingum sem dregnar eru út úr samstæðuársreikningi bankans fyrir árið 2016 sem koma fram í köflum 1.2, 1.8 og 1.9 í útgáfulýsingunni.

Ábyrgð okkar felst í að gefa álit á því hvort fjárhagsupplýsingar sem koma fram í köflum 1.2, 1.8 og 1.9 séu í samræmi við útgefinn endurskoðaðan samstæðuársreikning bankans fyrir árið 2016.

Álit okkar er að fjárhagsupplýsingar sem fram koma í köflum 1.2, 1.8 og 1.9 í útgáfulýsingunni séu í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í endurskoðuðum samstæðuársreikningi fyrir árið 2016, að teknu tilliti til eftirtalda atriða sem ekki koma fram í samstæðuársreikningnum og við getum því ekki gefið álit á: Í kafla 1.2 á bls. 5 koma fram upplýsingar um krossvanskilahlutfall, veginn binditími bókfærðs lánasafns og hlutfall bókfærðs lánasafns sem er á gjalddaga innan eins árs.

Reykjavík, 24. mars 2017

DELOITTE ehf.

Pálína Árnadóttir
löggiltur endurskoðandi

Þorsteinn Guðjónsson
löggiltur endurskoðandi

3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA

3.1. Almennar upplýsingar

Lögheiti útgefanda er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930 og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Útgefandi er hluti af samstæðu þar sem hann er eigandi nokkurra dótturfélaga sem tengjast rekstri hans.

Lögformlegt heiti	Kvíka banki hf.
Viðskiptaheiti	Kvíka
Félagaform	Hlutafélag
Kennitala	540502-2930
Höfuðstöðvar og heimilisfang	Borgartún 25, 105 Reykjavík
Vefsíða	kvika.is
Símanúmer	540 3200
Auðkenni hjá NASDAQ Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.	KVB

3.2. Saga útgefanda

Kvíka banki varð til árið 2015 með samruna tveggja fjármálafyrirtækja, MP banka hf., kt. 540502-2930, og Straums fjárfestingabanka hf., kt. 640210-0440.

Kvíka er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás Kvíku er öflug eignastýring og bankinn veitir sparifjár- og innlánseigendum alhliða þjónustu. Hjá samstæðu Kvíku starfar samhentur hópur 89 sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og viðtækra reynslu. Forstjóri er Sigurður Atli Jónsson og formaður stjórnar er Þorsteinn Pálsson. Eignarhald Kvíku er gagnsætt og er hann eini bankinn sem er að nær fullu í eigu einkaaðila s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga.

3.2.1. Saga MP banka

Saga MP banka nær aftur til ársins 1999 þegar MP verðbréf hf. voru stofnuð. Árið 2003 fékkst leyfi Fjármálaeftirlitsins til fjárfestingarbankastarfsemi og var nafni fyrirtækisins breytt í kjölfarið í MP fjárfestingarbanki hf. Sem fjárfestingarbanki haslaði MP sér völl erlendis; með opnun skrifstofu í London 2005, með aðild að OMX-kauphöllum í Eystrasaltsríkjunum árið 2006 og svo með opnun útibús í Vilnís í Litháen í byrjun árs 2007. Fjármálaeftirlitið veitti MP fjárfestingarbanka hf. viðskiptabankaleyfi þann 10.10.2008 og var nafni bankans þá breytt í MP banki hf. Fyrsta útibú bankans var opnað þann 11.5.2009 að Borgartúni 26 þar sem veitt var öll almenn viðskiptabankaþjónusta.

Í apríl 2011 var bankastarfsemi MP banka endurskipulögð. Að bankanum komu ríflega 40 nýir hluthafar sem lögðu honum til 5,5 ma.kr. í nýtt hlutafé. Með því tókst að tryggja áframhaldandi rekstur bankans án ríkisaðstoðar eða inngripa eftirlitsaðila. Nýir fjárfestar sáu tækifæri í að byggja á öflugri starfsemi bankans á verðbréfamarkaði og í eignastýringu og

útvíkka og auka umsvif hans, sérstaklega á lánamarkaði og í fyrirtækjaþjónustu, bæði með innri og ytri vexti.

Fyrri hluta árs 2013 var unnið að hlutafjárukningu til að styðja við áframhaldandi vöxt bankans en haustið 2013 var ljóst að ekki yrði af fyrirhugaðri hlutafjárukningu og að endurskipuleggja þyrfti reksturinn útrá breyttum rekstrarforsendum og hagræða í rekstri. Í október 2013 voru fyrstu skipulagsbreytingar gerðar þar sem tekjusvið bankans voru sameinuð í þrjú meginvið: banka, markaði og eignastýringu. Áframhaldandi hagræðingaraðgerðir fóru fram á árinu 2014 meðal annars með sölu eigna, þar með talið eignaleigustarfsemi bankans og MP Pension Fund Baltic í Litháen.

3.2.2. Saga Straums

Saga Straums hófst árið 1986 með stofnun Hlutabréfasjóðsins. Félagið þróaðist hratt á næstu árum og fékk fjárfestingabankaleyfi árið 2004. Með sameiningu við Burðarás í september 2005 varð bankinn stærstur fjárfestingabanka á Íslandi. Bankinn stóð af sér hið mikla hrun haustsins 2008 en var að lokum tekinn yfir af FME í mars 2009. Starfsfólk, skilanevnd og kröfuhafar unnu í kjölfarið ötullega að endurskipulagningu bankans og varð hann fyrstur íslenskra banka til að klára endurskipulagningu og nauðasamninga í júlí 2010. Í kjölfar nauðasamninga fékk Straumur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki í lok ágúst 2011. Frá þeim tíma og fram að sameiningu við MP banka hf. var helsta starfsemi Straums hefðbundin fjárfestingarbankastarfsemi.

3.2.3. Samkomulag um samruna

Þann 19. desember 2016 birti Kvika tilkynningu um að stjórnir Kviku banka hf. og Virðingar hf., kt. 561299-3909, hafi undirritað samkomulag um helstu skilmála fyrirhugaðs samruna félaganna með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakannana, samþykki hluthafafunda og eftirlitsaðila. Vinnu við áreiðanleikakannanir er lokið og viðræður um nánari útfærslu á sameiningu félaganna yfirstandandi.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=750931&messageId=941345>

4. STARFSEMI

4.1. Almenn

Kvika er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás útgefanda er öflug eignastýring. Útgefandi veitir sparifjár- og innlánseigendum alhliða fjármálaþjónustu jafnt innan eignastýringar sem og sérbankaþjónustu.

Fjárfestingarstefna útgefanda miðar að heildarhag allra sem að viðskiptunum koma, viðskiptavina, starfsmanna, eigenda og samfélagsins í heild. Velferð útgefanda byggir á


traustu sambandi við viðskiptavini útgefanda og þekkingu og færni við að stuðla að vexti þeirra og velgengni. Hjá Kvíku starfar hópur samhentra sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu.

4.2. Skipulag

Skipurit útgefanda má sjá á mynd 1.1. Þann 7. mars 2017 voru um 89 starfsmenn í fullu starfi hjá samstæðu Kvíku. Þar af starfa 80 starfsmenn hjá móðurfélaginu, en 9 hjá dótturfélögum þess.

Útgefandi er meirihlutaeigandi í 11 dótturfélögum. Þar af eru þrjú félög sem ekki eru í neinni starfsemi, en það eru félagin Nes þróunarfélag GP ehf., kt. 490413-2000, Straumur fjárfestingar hf., kt. 700614-0770 og Straumur Equities ehf., kt. 471206-1560. Sex félaganna eru eignarhaldsfélög, en þau eru Ármúli fasteignir ehf., kt. 581109-0240, Pivot ehf., kt. 710309-1240, Straumur eignarhaldsfélag ehf., kt. 571212-0480, Burðarás eignarhaldsfélag ehf., kt. 490413-1030, Horn Florida Ltd. (Bretlandi) og M-Investments ehf. kt. 691209-2450. Til stendur að hefja slítaferli á Pivot ehf. á næstu dögum. Þá er útgefandi eigandi Júpíters rekstrarfélags hf., kt. 520506-1010 og Akta sjóða hf., kt. 430713-0940, sem eru rekstrarfélag verðbréfasjóða og með starfleyfi sem slík skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Júpíter starfrækir nú 19 sjóði en hefur fengið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á fleiri sjóðum sem munu hefja starfsemi á næstunni. Akta sjóðir starfrækir nú 5 sjóði.



Mynd 1.1 - Skipurit

Í júlí 2015 voru gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar hjá útgefanda sem fólu í sér sameiningu sviða og einföldun á skipulagi með það fyrir augum að auka áherslu á eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og sérhæfða bankaþjónustu.

4.3. Eignastýring

Eignastýring skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, sérhæfðar fjárfestingar og rekstur sjóða. Eignastýring hefur verið hluti af meginstarfsemi útgefanda frá upphafi og byggir því starfsemi eignastýringar oft á löngu viðskiptasambandi við viðskiptavinum.

Starfsemi eignastýringar skiptist í þjónustu á innlendum og erlendum mörkuðum. Þá nýtir eignastýring útgefanda sér þjónustu dótturfélaga varðandi rekstur sjóða. Þar er Júpíter rekstrarfélag umsvifamest. Þá heldur útgefandi á 100% hlut í FÍ Fasteignafélagi GP ehf., kt. 430712-1010, í gegnum dótturfélag sitt M-Investments, en félagið rekur fasteignasjóð upp á ríflega 8 milljarða króna sem hóf starfsemi árið 2013. Undanfarin ár hafa eignir í stýringu aukist umtalsvert, einkum með ytri vexti. Árið 2016 varð nokkur innri vöxtur sem bæði má rekja til ávöxtunar og hreinnar aukningar á eignum í stýringu. Heildareignir í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum voru í lok árs 2016 um 121 ma.kr. og höfðu meira en tvöfaldast á fjórum árum.

Um þremur fjórðu hlutum eigna í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum er fjárfest á innlendum mörkuðum þar sem útgefandi hefur sýnt fram á trausta ávöxtun í helstu eignaflokkum. Áhersla er lögð á þróun á nýjum vörum fyrir íslenska markaðinn í helstu eignaflokkum og má þar nefna fasteignir, fyrirtækjaskuldabréf og óskráð hlutabréf. Útgefandi hefur sterka stöðu í erlendri eignastýringu með farsælu langtímasamstarfi við Credit Suisse þar sem boðið er upp á fjölbreytt þjónustuframboð og ráðgjöf í öllum eignaflokkum á alþjóðlegum mörkuðum. Útgefandi hefur bætt við erlendum samstarfsaðilum á undanförunum misserum.

4.4. Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti framkvæma stundarviðskipti með verðbréf og gjaldeyri og annast viðskipti með framvirka verðbréfa- og gjaldeyrisamninga við viðskiptavinum útgefanda.

Markaðsviðskipti þjónusta innlenda og erlenda fagfjárfesta og býr sviðið yfir sterkum viðskiptasamböndum við alla helstu fagfjárfesta landsins og öfluga erlenda fjárfesta. Styrkur markaðsviðskipta felst í þjónustu við fagfjárfesta og stærri fyrirtæki landsins vegna fjármögnunar með sölu verðbréfa og gjaldeyrisviðskiptum.

4.5. Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið skiptist í fjármögnun og sérbankaþjónustu, auk þess að hafa umsjón með óskráðum eignum bankans. Í sérbankaþjónustu er lögð áhersla á ávöxtun fjármuna í formi innlána og bankaþjónustu gagnvart viðskiptavinum bankans sem jafnframt eru viðskiptavinir annarra tekjusviða bankans.

Kvíka veitir viðskiptavinum fjármögnun í formi lánaviðskipta, svo sem vegna fasteignapróunarverkefna, verðbréfaviðskipta eða umbreytinga á fyrirtækjum, svo sem vegna

eigendabreytinga. Áhersla er lögð á stutta fjármögnun (brúarfjármögnun) og er líftími lána almennt ekki lengri en 12-24 mánuðir.

4.6 Fyrirtækjaráðgjöf

Hefðbundin þjónusta fyrirtækjaráðgjafar er við sameiningar og yfirtökur, kaup og sölu fyrirtækja auk fjármögnunar verkefna með útgáfu hlutafjár eða skuldabréfa. Skráningar hlutabréfa og skuldabréfa í Kauphöll og verðmat fyrirtækja eru einnig á verksviði sviðsins. Fyrirtækjaráðgjöf veitir sérfræðiráðgjöf tengda gjaldeyrishöftum, aflandskrónum og fjárfestingum í skráðum félögum. Útgefandi er sjálfstæður og sérhæfður fjárfestingabanki sem veitir stærri fyrirtækjum óháða ráðgjöf, t.d. varðandi endurfjármögnun langtímalána. Starfsmenn ráðgjafar hafa mikla reynslu í rekstri fyrirtækja og af fjölbreyttum störfum á fjármálamörkuðum.

4.7 Fjármála- og rekstrarsvið

4.5.1. Eigin viðskipti

Útgefandi hefur mikla reynslu í að annast viðskiptavaktir og hefur verið í forystu á þeim vettvangi frá bankahruni. Viðskiptavakt er skuldbinding kauphallaraðila til að leggja fram kaup- og sölutilboð með fyrirfram ákveðnu verðbili á fjármálagerningi á verðbréfamarkaði. Viðskiptavaktin eykur dýpt og skilvirkni verðbréfamarkaðar. Samhliða viðskiptavaktinni er rekin stöðutaka í skráðum verðbréfum, fyrir eigin reikning útgefanda, þar sem reynt er að hagnast á skammtímahreyfingum auk stöðutöku til lengri tíma. Eigin viðskipti útgefanda starfa samkvæmt fyrirframskilgreindri áhættustefnu.

4.5.2. Fjárstýring

Hlutverk fjárstýringar er að stýra lausu fé og skuldbindingum útgefanda með það að markmiði að hámarka arðsemi, en um leið að áhætta sé innan viðmiða bankans. Þetta felur í sér stýringu og innri verðlagningu á fjármagni útgefanda og stýringu á gjaldeyris- og vaxtajöfnuði hans. Fjárstýring annast samskipti og viðskipti við aðrar fjármálastofnanir, hefur umsjón með peningamarkaðslántökum bankans, útgáfu skuldabréfa og víxla og eftir þörfum annarri fjármögnun.

4.5.3. Bakvinnsla

Bakvinnsla ber ábyrgð á frágangi allra viðskipta útgefanda, þar með talið erlendum greiðslum, skjalagerð, umsýslu lána, þinglýsingum og vörslu skjala. Í því felst eftirfylgni með reglum, rétttri skjölun og skráningu viðskipta í kerfi bankans. Uppgjör viðskipta og umsjón með erlendum greiðslum ásamt framkvæmd verðbréfavíðskipta er á ábyrgðarsviði bakvinnslu.

4.5.4. Upplýsingatæknisvið

Upplýsingatæknisvið hefur umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa útgefanda.

4.6. Viðskiptatengsl

Viðskiptatengsl ber ábyrgð á samstarfi við alþjóðlega samstarfsaðila sem gerir útgefanda kleift að takast á við stór umbreytingaverkefni á Íslandi. Viðskiptatengsl hefur umsjón með

sambandi útgefanda við erlend fjármálafyrirtæki með það að markmiði að byggja upp tvíhliða viðskiptasamband við fjármálastofnanir og fjárfesta til hagsbóta fyrir viðskiptavinum útgefanda. Deildin í samstarfi við öll tekjusvið útgefanda heldur utan um samband við lykilviðskiptavinum sem eiga viðskipti þvert á tekjusvið útgefanda.

5. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG NEFNDIR

5.1. Stjórn

Stjórn útgefanda samanstendur af fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum.

Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður - Þorsteinn útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1974. Þorsteinn starfaði sem ritstjóri Fréttablaðsins árin 2006 til 2009, en þar á undan sem sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn 2003 til 2005 og í London 1999 til 2002. Þorsteinn tók sæti á Alþingi árið 1983. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins frá 1983 til 1991, fjármálaráðherra 1985 til 1987 og forsætisráðherra 1987 til 1988. Á árunum 1991 til 1999 gegndi hann embætti sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra. Þorsteinn hefur einnig sinnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í hinum ýmsu nefndum og stjórnunum. Starfstöð Þorsteins er hjá Kviku banka, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Guðmundur Þórðarson - Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamíðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá Próunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingar banka hf. Guðmundur situr í stjórnunum Heddu eignarhaldsfélags ehf., Bergstaðastræti 27 ehf., K2B fjárfestingum ehf., BBL II ehf., Igló ehf., PG Holding ehf. og BG Partners Invest ehf.

Inga Björg Hjaltadóttir - Inga Björg útskrifaðist með Cand jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995. Hún öðlaðist héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Inga Björg er meðeigandi og lögmaður Acta lögmannsstofu frá árinu 2006 og er jafnframt meðeigandi og ráðgjafi hjá Attentus mannaúður og ráðgjöf frá árinu 2007. Hún hefur starfað sem stundakennari við Háskólann á Bifröst og við Háskólann í Reykjavík. Inga Björg starfaði sem deildarlögfræðingur hjá starfsmannþjónustu Reykjavíkurborgar 1996-1999 og var síðasta árið staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hún var deildarstjóri í starfsþróunardeild Eimskipafélags Íslands frá 1999-2003 og starfaði hjá DP lögmonnum 2003-2006. Inga Björg hefur setið í stjórnunum Límtrés Vírnet, E-Farice og Smellins. Inga Björg var varamaður í Félagsdómi tilnefnd af fjármálaráðherra 2006-2010 og situr sem dómari í Félagsdómi tilnefnd af fjármálaráðherra frá árinu 2011. Starfstöð Ingu er hjá Acta lögmannsstofu, Smáratorgi 3 (Turninn), 201 Kópavogi.

Jónas Hagan Guðmundsson - Jónas Hagan útskrifaðist með BS í Stjórn málafræðum og Alþjóðlegum viðskiptum frá Wake Forest University í NC, US – 1992 og kláraði einnig Young Managers Program frá INSEAD í Frakklandi árið 2000. Jónas er meðeigandi að Varða

Capital ehf., en var meðal annars framkvæmdastjóri og í stjórn Fintrax Group Holdings Ltd. frá árunum 2013-2014, forstjóri í Tax Free Worldwide Ltd. til ársins 2013 og forstjóri Global Blue í Danmörku árið 2000. Jónas stofnaði Global Blue á Íslandi 1996 og Tax Free Worldwide Ltd. (TFW) árið 2001 en Jónas var bæði forstjóri og stjórnarformaður TFW til ársins 2013. Starfstöð Jónasar er hjá Vörðu Capital, Hellusund 6, 101 Reykjavík.

Hrönn Sveinsdóttir – Hrönn útskrifaðist með Cand. Oecon af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hrönn er starfandi framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs hjá Fjarskiptum hf. / Vodafone. Hrönn hóf störf hjá Vodafone árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Áður hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni þar sem hún var einnig starfsmannastjóri. Hrönn hefur áður gengt stjórnarstörfum hjá Almenna lífeyrissjóðnum, Húsasmiðjunni ehf., Farice, P/F Kall í Færeyjum, ISNIC og Mömmu ehf.

Kristín Guðmundsdóttir, varamaður í stjórn - Kristín útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1980. Hún starfar sem framkvæmdastjóri KG slf. Árið 2011 starfaði hún sem forstjóri Skipta ehf. Á árunum 2003-2010 var Kristín fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. Áður hafði hún sinnt starfi fjármálastjóra Granda hf. frá árinu 1994-2002. Kristín situr í stjórn N1 hf. Á árunum 2007-2011 var hún í stjórn Mílu ehf., þarf af í eitt ár sem stjórnarformaður. Á sama tíma sat hún í stjórn Símans hf., einnig sem stjórnarformaður í eitt ár. Hún hefur einnig setið í stjórnnum fjölmargra annarra fyrirtækja og félaga. Starfstöð Kristínar er hjá KG slf., Aðallandi 14, 108 Reykjavík.

Pétur Guðmundarson, varamaður í stjórn – Pétur er hæstaréttarlögmaður, og hefur allan sinn starfsaldur, eða frá 1978, starfað sem lögmaður. Fyrst starfaði hann á Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar og fl., eða til ársins 2000, en frá þeim tíma á LOGOS lögmannsþjónustu til ársins 2012. Frá þeim tíma hefur hann starfað sjálfstætt. Hann hefur setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja og gegndi m.a. stjórnarformennsku í Össuri hf. um tíu ára skeið, frá árinu 1996 til 2006. Þá hefur hann setið í endurskoðunarnefnd Kviku undanfarin ár.

5.2. Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn útgefanda samanstendur af forstjóra og fimm framkvæmdastjórum.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri - Sigurður Atli tók við stöðu forstjóra útgefanda í júlí 2011. Sigurður Atli stofnaði ALFA verðbréf árið 2004 og starfaði þar sem framkvæmdastjóri en þar áður var hann forstjóri Landsbréfa hf. og framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands hf. Hann hóf störf á fjármálamarkaði árið 1994 hjá Landsbréfum en þar áður starfaði hann sem hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun. Á árunum 2003-2007 var hann stundakennari í fjármálum við Háskólann í Reykjavík. Sigurður Atli hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, s.s. Kauphallar Íslands, Verðbréfasráningar Íslands, Heritable Bank í Bretlandi, Líftryggingafélags Íslands, Atorku, Icelandair Group, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Landsvaka. Sigurður Atli er með meistaraþráðu í hagfræði frá Queen's University í Kanada 1994 og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands 1992, ásamt prófi í verðbréfamíðlun.

Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála-og rekstrarsviðs - Magnús Ingi er með 9 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði. Hann er með B.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Virginia Tech í Bandaríkjunum. Hann hóf

störf í áhættustýringu hjá Straumi-Burðarási árið 2006 og stýrði m.a. útlánaáhættu útgefanda frá árinu 2009. Magnús gegndi stöðu forstöðumanns áhættustýringar og síðar fjárstýringar frá stofnun Straums fjárfestingabanka fram til loka árs 2014. Frá þeim tíma hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar.

Bjarni Eyvinds, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta - Bjarni Eyvinds hóf störf hjá útgefanda árið 2009. Bjarni hefur starfað á sviði verðbréfamiðlunar og markaðsviðskipta í rúm 10 ár áður hjá SPRON, MP Fjárfestingarbanka, Íslandsbanka og Straumi Burðarás Fjárfestingabanka. Bjarni er með BBA frá George Washington University og hefur lokið prófi í verðbréfamiðlun.

Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar - Magnús útskrifaðist með MBA gráðu frá Thunderbird School of Global Management 1992 og B.Sc gráðu frá Nova Southeastern University 1987 með áherslu á banka og fjármálastarfsemi. Hann starfaði sem forstjóri Icelandic Group 2012 -2014, framkvæmdastjóri markaðs og viðskiptaþróunar Landsvirkjunar frá febrúar 2010 til desember 2012. Hann var framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Íslandsbanka og dótturfyrirtækis þess í Bandaríkjunum Glitnir Captial Corporation 2005-2008, sem síðar varð Glacier Partners sem hann veitti forstöðu til febrúar 2010. Magnús var viðskiptafulltrúi og aðalræðismaður Íslands í New York 1997-2003 og sendifulltrúi og staðgengill sendiherra Íslands í Kína 2003-2005. Magnús situr í stjórn American Scandinavian Foundation í New York, viðskiptaráðs Íslands og Carbon Recycling International. Hann sat í stjórn Senu 2009-2013 og Farice 2010-2012.

Ásgeir H. Reykjörð, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs - Ásgeir Helgi tók við stöðu yfirlögfræðings útgefanda í október 2012. Ásgeir starfaði áður sem lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu. Fyrir þann tíma starfaði Ásgeir hjá Straumi fjárfestingabanka um nokkurra ára skeið. Ásgeir hefur einnig sinnt kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ásgeir hefur verið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs frá miðju ári 2015.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringar - Sigurður hóf störf hjá útgefanda í janúar 2013. Sigurður hefur starfað sem framkvæmdastjóri Júpíters rekstrarfélags hf. frá júlí 2010. Áður starfaði hann hjá Straumi Fjárfestingabanka á sviði markaðsviðskipta þar sem hann m.a. stýrði afleiðuborði útgefanda og kom að stefnumótun og uppbyggingu markaðsviðskipta. Auk starfa sinna í fjármálageiranum hefur Sigurður meðal annars verið prófdómari við verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og stundað kennslu við HÍ og University of Oxford. Sigurður er stærðfræðingur að mennt með doktorspróf frá University of Oxford og er með próf í verðbréfamiðlun.

Stjórn útgefanda er ekki kunnugt um og telur enga hagsmunaárekstra til staðar á milli skyldustarfa stjórnarmanna og aðila í framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

5.3. Nefndir

Innan útgefanda starfa fjórar nefndir.

5.3.1. Fjármálanefnd

Fjármálanefnd hefur umsjón með eignum og skuldbindingum bankans og leitast við að ná markmiðum um arðsemi þeirra. Í því felst að ákvarða hagkvæmstu skiptingu milli ávöxtunar og áhættu og úthlutun fjármuna til viðskiptaæininga bankans. Nefndin setur mælanleg arðsemismarkmið og leitast við að ná þeim. Forstjóri, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar, yfirlögfræðingur, forstöðumaður fjárstýringar og forstöðumaður áhættustýringar eiga sæti í fjármálanefnd.

5.3.2. Lánanefnd

Lánanefnd annast daglega umsjóslu lánveitinga samkvæmt útlánareglum bankans. Nefndin skal setja útlánastefnu þar sem fram kemur hvers konar tegundir lána bankinn veitir, viðmið um lánstíma o.fl. Við mótun stefnu hverju sinni skal lánanefnd taka mið af viðskiptaáætlun sem stjórn hefur samþykkt, fjármögnun, lausafjárstöðu og eiginfjárstöðu útgefanda eins og hún er á hverjum tíma sem og innri reglum og viðmiðum útgefanda.

Forstjóri skipar að lágmarki þrjú einstaklinga í lánanefnd. Forstjóri á ávallt að eiga sæti í lánanefnd. Lágmarksfjöldi lánanefndarmanna er því fjórir einstaklingar. Við skipan lánanefndar er tryggt að einstaklingar með þekkingu á lánastarfsemi sem og innviðum og áhættuþoli útgefanda skipi nefndina. Í lánanefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrar, yfirlögfræðingur og forstöðumaður áhættustýringar.

5.3.3 Áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefnd

Markmið áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefndar er að tryggja að útgefandi starfi samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki varðandi mótun áhættustefnu og áhættuvilja útgefanda og leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga útgefanda og óhæði endurskoðunar hans. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu, virkni innra eftirlits auk innri og ytri endurskoðunar. Þá hefur nefndin ráðgjafa- og eftirlitshlutverk varðandi mótun starfskjarastefnu bankans við að tryggja að kjör starfsmanna styðji við markmið bankans og geri honum kleift að laða til sín og halda hæfasta starfsfólki sem völ er á.

Stjórn ber ábyrgð á skipun áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Samkvæmt lögum skal nefndin skipuð að minnsta kosti þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Við staðfestingu þessarar lýsingar skipa nefndina Kristín Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar og varamaður í stjórn bankans, Pétur Guðmundarson, varamaður í stjórn bankans, og Jónas Hagan Guðmundsson stjórnarmaður í bankanum.

Kristín er viðskiptafræðingur og starfar sem framkvæmdastjóri KG slf. og hefur áður m.a. starfað sem forstjóri Skipta ehf. og sem fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. Starfstöð Kristínar er hjá KG slf., Aðallandi 14, 108 Reykjavík. Pétur er hæstaréttarlögmaður og er sjálfstætt starfandi en hann var áður eigandi hjá Logos lögmannsþjónustu. Starfsstöð Péturs er

að Urriðakvísl 26, 110 Reykjavík. Jónas Hagan Guðmundsson er viðskiptafræðingur og er meðeigandi að Varða Capital ehf. Hann hefur meðal annars verið framkvæmdastjóri og í stjórn Fintrax Group Holdings Ltd. og forstjóri Tax Free Worldwide Ltd. Starfstöð Jónasar er hjá Vörðu Capital, Hellusundi 6, 101 Reykjavík.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum bankans og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum bankans. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

5.3.4 Gæða- og öryggisnefnd

Hlutverk gæða- og öryggisnefndar er að leiða gæða- og öryggismál útgefanda. Meginhlutverk nefndarinnar vegna gæðamála er að auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri, og minnka rekstraráhættu. Meginhlutverk nefndarinnar vegna öryggismála er að tryggja öryggi í húsnæði útgefanda, rekstrarlegt öryggi tölvukerfa, öryggi persónuupplýsinga og öryggi í verðmætaflutningum á vegum bankans. Nefndin fer með ákvörðunarvald varðandi gæða- og öryggismál bankans og ber ábyrgð á þeim gagnvart forstjóra.

Gæða- og öryggisnefnd er skipuð framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs, sem einnig er formaður nefndarinnar, forstöðumanni bakvinnslu, forstöðumanni áhættustýringar og forstöðumanni upplýsingatæknisviðs.

6. HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR

6.1. Hlutafé

Samkvæmt samþykktum félagsins skiptist hlutafé félagsins í 2 flokka, A- og B-flokk. Heildarhlutafé félagsins í báðum flokkum er 1.403.631.700 (einn milljarður fjögurhundrað og þrjár milljónir sexhundrað þrjátíu og eittþúsund og sjöhundrað og skiptist í jafn marga einnar krónu hluti. Í A-flokki nemur hlutafé kr. 1.393.631.700. Í B-flokki nemur hlutafé kr. 10.000.000. Hlutar félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997.

6.2. Hluthafar

Neðangreind tafla sýnir 10 stærstu hluthafa félagsins miðað við 23. mars 2017:

Nafn	Kennitala	Fjöldi hluta	Hlutfall
Vátryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	306.399.071	21,83%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	430269-4459	133.830.873	9,53%
Brimgarðar ehf.	591103-2610	116.699.493	8,31%
K2B fjárfestingar ehf.	681209-3360	112.290.536	8,00%

Varða Capital ehf.	650311-1910	107.970.206	7,69%
Sigla ehf.	660107-1850	102.066.630	7,27%
Grandier ehf.	490316-2720	98.254.219	7,00%
Mízar ehf.	410411-0670	92.671.700	6,60%
Tryggingamiðstöðin hf.	660269-2079	50.548.200	3,60
Eignasafn Seðlabanka Íslands	701209-2060	42.965.970	3,06%

Hluthafafundur er æðsta vald í öllum málefnum útgefanda. Hluthafar sem ráða minnst 1/20 hlutafjár í útgefanda geta, skv. samþykktum, krafist þess að stjórn boði til hluthafafundar. Almenn tæður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum í málum á hluthafafundi. Undantekningar frá þessu eru að breytingar á samþykktum útgefanda og ákvörðun um slit útgefanda krefjast samþykkis 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þá gilda reglur laga um hlutafélög, nr. 2/1995, um minnihlutavernd, þá einkum 94. gr. laganna, um rétt hluthafa útgefanda.

7. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

7.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningur samstæðu útgefanda vegna ársins 2015 og 2016 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og styðjast við þá forsendu að viðkomandi félög hafi verið rekstrarhæf á þeim tíma.

7.2. Löggiltir endurskoðendur

Ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2015 var endurskoðaður af KPMG ehf. Ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2016 var endurskoðaður af Deloitte ehf.

Fyrir hönd KPMG var Sigurður Jónsson, Frjóakri 6, 220 Garðabæ endurskoðandi Kviku banka hf. vegna endurskoðunar ársreiknings fyrir árið 2015. Samkvæmt reglum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, einkum 90. gr. laganna, bar útgefanda að skipta um endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki á árinu 2016 þar sem fimm ára skipunartíma KPMG var þá lokið. Á aðalfundi útgefanda, 17. mars 2016, voru Pálína Árnadóttir, Jöklalesi 5, 109 Reykjavík, og Þorsteinn Guðjónsson, Þorrasölum 37, 201 Kópavogi, fyrir hönd Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, skipuð endurskoðendur útgefanda. Allir framangreindir starfsmenn KPMG og Deloitte eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda á Íslandi. Pálína Árnadóttir og Þorsteinn Guðjónsson voru því endurskoðendur vegna endurskoðunar á ársreikningi fyrir árið 2016.

7.3. Nýjustu fjárhagsupplýsingar

Nýjasti endurskoðaði samstæðuársreikningur útgefanda var samþykktur 16. febrúar 2017 og er fyrir fjárhags tímabilið 1. janúar til 31. desember 2016.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

7.4. Skýringar í samstæðuársreikningi

Ítarlegar upplýsingar er varða rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé og sjóðstreymi samstæðunnar má finna í skýringum viðkomandi ársreikninga samstæðunnar. Samstæðuársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2015 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast unír eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika-banki-hf---Consolidated-Financial-Statements-31-12-15.pdf>

Samstæðuársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2016 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Consolidated-Financial-Statements-31.12.16.pdf>

7.5. Rekstrarreikningur samstæðunnar

Í töflunni að neðan má sjá yfirlit yfir rekstrarreikning samstæðu útgefanda árin 2016 og 2015.

Í þúsundum króna

	2016	2015
Vaxtatekjur	4.189.589	3.494.870
Vaxtagjöld	(3.125.309)	(2.370.785)
Hreinar vaxtatekjur	1.064.281	1.124.085
Þóknatekjur	2.880.710	2.635.153
Þóknagjöld	(40.521)	(26.840)
Hreinar þóknatekjur	2.840.188	2.608.313
Hreinar fjárfestingatekjur	1.282.690	350.383
Hlutdeild í afkomu í aflagðri starfsemi	(13.488)	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	148.985	(1.998)
Neikvæð viðskiptavild	0	297.560
Önnur (gjöld) tekjur	(4.420)	53.769
Aðrar rekstrartekjur	1.413.767	699.714
Hreinar rekstrartekjur	5.318.236	4.432.112
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(3.219.406)	(3.945.176)
Virðisrárnun útlána og krafna	(226.349)	(215.797)
(Tap) hagnaður af söluhæfum eignum	(3.395)	3
Hagnaður fyrir skatta	1.869.086	271.142
Tekjuskattur	94.612	(730.616)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(9.036)	(23.409)
Hagnaður (tap) ársins	1.954.662	(482.882)
Tilheyrir eigendum móðurfélags	1.927.945	(510.844)
Hlutdeild minnihluta	26.717	27.962
Hagnaður (tap) ársins	1.924.578	(482.882)

7.6. Efnahagsreikningur útgefanda

Í töflunni að neðan má sjá yfirlit yfir efnahagsreikning samstæðu útgefanda þann 31. desember 2016 og 31. desember 2015.

Í þúsundum króna

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Handbært fé	12.032.879	19.916.973
Verðbréf með föstum tekjum	3.945.778	4.649.103
Verðbréf með breytilegum tekjum	3.154.466	3.006.042
Verðbréf til áhættuvarna	12.389.392	11.057.833
Útlán	26.015.321	21.592.738
Afleiður	552.493	327.993
Hlutdeildarfélag	127.262	0
Óefnislegar eignir	41.530	45.924
Varanlegir rekstrarfjármunir	59.135	76.749
Skatteign	189.429	106.557
Aðrar eignir	967.954	748.032
Eignir haldið til sölu	87.720	85.813
Heildareignir	59.563.359	61.613.757
Skuldir		
Innlán frá viðskiptavinum	32.478.933	30.544.407
Innlán frá lánastofnunum	0	714.134
Lántökur	13.498.785	15.220.126
Útfengir fjármálagerningar	3.922.918	3.908.480
Víkjandi skuldbindingar	572.385	562.339
Skortstöður í verðbréfum	80.186	783.662
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna	0	1.024.390
Afleiður	498.769	987.486
Tekjuskattur til greiðslu	11.039	22.864
Tekjuskattsskuldbinding	1.789	3.982
Aðrar skuldir	1.101.679	1.310.733
Skuldir samtals	52.166.483	55.082.604
Eigið fé		
Hlutafé	1.375.819	1.590.644
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár	912.768	850.445
Kaupréttarvarasjóður	4.771	3.228
Áskriftarvarasjóður	40.300	11.070
Sérstakur varasjóður	3.103.697	3.850.917

Aðrir varasjóðir	(17.054)	(13.687)
Bundið eigið	403.553	0
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	1.524.391	0
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags	7.348.246	6.292.617
Hlutdeild minnihluta	48.630	238.537
Eigið fé samtals	7.396.876	6.531.154
Skuldir og eigið fé samtals	59.563.359	61.613.757

8. SKJÖL TIL SÝNIS

Meðan lýsing þessi er í gildi geta fjárfestar og aðrir nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu útgefanda eða á rafrænu formi á heimasíðu hans <https://www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar>:

- Samþykktir Kviku banka hf.
- Útgáfulýsing vegna skuldabréfaflokksins KVB 17 0921.
- Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. árið 2015.
- Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. árið 2016
- Tilkynning Kviku um samkomulag um helstu skilmála samruna Kviku banka hf. og Virðingar hf., birt 19. desember 2016

8.1 Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun

Samþykktir Kviku banka hf. eru felldar inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/media/pdf/2016-11-30-Samthykktir-Kviku-banka-hf._undirritadar.pdf

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. árið 2015 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika-banki-hf---Consolidated-Financial-Statements-31-12-15.pdf>

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2016 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Consolidated-Financial-Statements-31.12.16.pdf>

Tilkynning Kviku banka um samkomulag um helstu skilmála samruna Kviku banka hf. og Virðingar hf., birt 19. desember 2016, er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=750931&messageId=941345>

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA VÍXLA Í KERFI NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: Kvika banki hf.

Kt. 540502-2930

Heimild til útgáfu: Útgáfan krefst ekki samþykkis FME. Fjármálanefnd bankans tók ákvörðun um útgáfuna þann 7. mars 2017.

Stofndagur: 7. maí 2002.

Skráð aðsetur: Borgartún 25, 105 Reykjavík, Ísland

- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Sigurður Atli Jónsson, kt. 040268-5299.

- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

- 2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang/netföng*

Halldór Karl Högnason, kt. 281274-5389, halldor.hognason@kvika.is

Halldór Þór Snæland, kt. 221179-3589, halldor.snaeland@kvika.is

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

MTE

2.2 *Auðkenni útgáfunnar og annað sem skuldbindur útgefanda sjá viðauka „skilmálar flokks“ hér að neðan.*

Um aðra skilmála en þá sem fram koma í þessum kafla, er vísað til skilmálablaðs aftast í útgáfulýsingu þessari.

Vanskil: Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þau eru ekki greidd upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynninu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkynningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.

Framsal: Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.

Ágreiningsmál: Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Heimild: Samkvæmt heimild fjármálanefndar Kviku banka hf., dags. 7. mars 2017.

Skráð í kauphöll?: Stefnt er að skráningu víxlanna í kauphöll fyrir 1. maí 2017.

Breytingar á skilmálum: Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins.

Afskráning:

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

Annað:


2.3 *Hlunnindi sem tengd eru víxlunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.

2.4 *Skattur á tekjur af víxlunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákvæðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.



Útgáfan er rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.

- 2.5 *Nasdaq verðbréfamiðstöð ráðstafar útgefnum víxlum á reikning útgefanda nr. 305122 í Kviku banka hf.*
- 2.6 *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynlegar.*

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

- 3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*

Halldór Karl Högnason, kt. 281274-5389, halldor.hognason@kvika.is, sími 540-3206

Halldór Þór Snæland, kt. 221179-3589, halldor.snaeland@kvika.is, sími 540-3215

- 3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Deloitte ehf. – Endurskoðendur 2016

Pálína Árnadóttir, kt. 291073-4419, palina.arnadottir@deloitte.is, s: 580-3034

Þorsteinn Pétur Guðjónsson, kt. 091176-3199 thorsteinn.gudjonsson@deloitte.is, s: 580-3000

KPMG ehf. – Endurskoðendur 2013- 2015

Sigurður Jónsson, kt. 290256-5269, sigurdurjonsson@kpmg.is, s: 545-6217

Jón S. Helgason, kt. 050269-3619, jhelgason@kpmg.is, s: 545-6046

Hrafnhildur Helgadóttir, kt. 260470-3619, hhelgadottir@kpmg.is, s: 545-6084

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

- 4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
- 4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*
- 4.3 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*


Kvika banki hf. annast útgáfu víxlanna.
- 4.4 *Óski Nasdaq verðbréfamiðstöð eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*
- 4.5 *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynleg.*

Reykjavík, 7. mars 2017

F.h. útgefanda,


Sigurður Atli Jónsson

F.h.reikningsstofnunar,


Magnús Ingi Einarsson

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Skilmálar flokka.

Útgefandi:	Kvika banki hf.
Kennitala:	540502-2930
Heimilisfang:	Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Skuldabréf/víxlar:	Víxlar
Auðkenni (Ticker)	KVB 17 0921
ISIN númer	IS0000028512
CFI númer	D-Y-Z-U-X-R
Skráð rafrænt	Já
Tegund afborgana	Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga
Útgáfuland	Ísland
Gjaldmiðill	Íslenskar krónur
Dagsetning töku til viðskipta í Kauphöll	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
Orderbook ID	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
Undirflokkur	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
Markaður	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
Veltulisti	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
Nafnverðseining í Nasdaq verðbréfamiðstöð	ISK 20.000.000
Heildarheimild sbr útgáfulýsingu	ISK 2.000.000.000
Heildarútgáfa	ISK 2.000.000.000
Upphæð tekin til viðskipta nú	ISK 2.000.000.000
Útgáfudagur	mánudagur, 20. mars 2017
Fyrsti gjalddagi höfuðstóls	21.9.2017
Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina	1
Fjöldi á ári	Á ekki við
Lokagjalddagi höfuðstóls	fimmtudagur, 21. september 2017
Vaxtaprósenta	Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, límanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Vaxtaruna ef breytilegir vextir	Á ekki við
Álagsprósenta á vaxtarunu	Á ekki við
Reikniregla vaxta	Einfaldir
Dagaregla	Actual / 360, ISMA aðferð
Fyrsti vaxtadagur	Á ekki við
Fyrsti vaxtagjalddagi	Á ekki við
Fjöldi vaxtagjalddaga á ári	Á ekki við
Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina	Á ekki við
Vístölutrygging	Nei
Nafn vísitölu	Á ekki við
Dagvísitala eða mánaðarvísitala	Á ekki við
Grunngildi vísitölu	Á ekki við
Dags. grunnvísitölugildis	Á ekki við
Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta (e. dirty price/clean price)	N/A
Innkallanlegt	Nei
Innleysanlegt	Nei
Breytanlegt	Nei
Aðrar upplýsingar	Engar
Viðskiptavakt	Nei
Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.)	Ekki lánshæfismat
Verðbréfamiðstöð	Verðbréfaskráning Íslands
Umsjónaraðili – taka til viðskipta	Kvika banki hf.
Ef óreglulegt greiðslufæði, þá hvernig	Á ekki við
Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?	Nei

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.